

LÖG

um Ferðamálastofu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Stjórnsýsla.

1. gr.

Ferðamálastofa er ríkisstofnun sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra.

Stofnunin fer með stjórnsýslu ferðamála samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir.

Ráðherra skipar ferðamálastjóra til fimm ára í senn og veitir hann Ferðamálastofu forstöðu. Ferðamálastjóri ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti og annast daglega stjórn hennar.

2. gr.

Ferðamálastofa skal með starfsemi sinni fylgjast með og stuðla að þróun ferðaþjónustu sem mikilvægrar og sjálfbærar grunnstoðar í íslensku samfélagi að teknu tilliti til þolmarka íslenskrar náttúru og samfélags ásamt því að vinna að samræmingu, greiningum og rannsókn-um í ferðaþjónustu með hliðsjón af stefnu stjórnvalda.

3. gr.

Verkefni Ferðamálastofu eru einkum:

- Útgáfa leyfa.
- Eftirlit með leyfis skyldri starfsemi, þar á meðal öryggisáætlunum.
- Framkvæmd ferðamálastefnu, áætlanagerð og stuðningur við svæðisbundna þróun.
- Öflun, miðlun og úrvinnsla upplýsinga, þar á meðal tölfræðilegra gagna og annarra upplýsinga um viðfangsefni stofnunarinnar.
- Greining á þörf fyrir rannsóknir sem m.a. nýtast við stefnumótun stjórnvalda, í samvinnu við atvinnugreinina og rannsóknastofnanir á sviði ferðaþjónustu.
- Öryggismál, gæðamál og neytendavernd í ferðaþjónustu.
- Varsla og umsýsla Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.
- Umsjón með starfsemi ferðamálaráðs.
- Umsjón og eftirlit með tryggingaútreikningi og tryggingarskyldu seljenda samkvæmt lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun og reglum um bókhald og reikningskil ferðaskrifstofa.

